

Hópuppsagnir í desember 2015 og á árinu 2015

Hópuppsagnir í desember 2015


Engin tilkynning um hópuppsögn barst Vinnumálastofnun í desember 2015.

Tilkynningar á árinu 2015

Á árinu 2015 bárust Vinnumálastofnun 11 tilkynningar um hópuppsagnir, þar sem sagt var upp 339 manns. Flestir hafa misst vinnuna í opinberri stjórnsýslu, 62 eða um 18%, í heilbrigðis- og félagsþjónustu 61, eða um 18% allra hópuppsagna og 55 í fjármála- og tryggingaþjónustu svo og í mannvirkjagreinum eða um 16%. Af þeim 62 sem sagt var upp í opinberri stjórnsýslu var 49 boðin vinna við ný verkefni á vegum hins opinbera.

Mynd 1


Tilkynntar hópuppsagnir eftir atvinnugreinum á árinu 2015



Um 84% tilkynntra hópuppsagna á árinu 2015 voru á höfuðborgarsvæðinu, um 13% á Vestfjörðum, og um 3% á Suðurnesjum. Mynd 2 sýnir skiptingu tilkynntra hópuppsagna á landshluta.

Mynd 2


Skipting hópuppsagna eftir landshlutum á árinu 2015



Á mynd 3 má sjá að 270 þeirra hópuppsagna sem tilkynnt var um á árinu 2015 komu til framkvæmda á því ári en 69 koma til framkvæmda á árinu 2016.

Mynd 3

Hvenær hópuppsagnir sem tilkynntar voru árið 2015 koma til framkvæmda



Í töflu 1 má sjá hvernig hópuppsagnir sem tilkynntar voru á árinu 2015 dreifðust á mánuði og hve mörgum var sagt upp í hverjum mánuði með hópuppsögnum.

Tafla 1. Hvenær tilkynningar um hópuppsagnir á árinu 2015 bárust


	Uppsagnir		Tilkynningar	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
jan.	104	30,7%	3	27,3%
feb	0	0	0	0
mars	90	26,5%	3	27,3%
apríl	0	0	0	0
maí	16	4,7%	1	9,1%
júní	14	4,1%	1	9,1%
júlí	0	0	0	0
ágúst	29	8,6%	1	9,1%
sept.	39	11,5%	1	9,1%
okt.	0	0	0	0
nóv.	47	13,9%	1	9,1%
des.	0	0	0	0
<i>Alls</i>	<i>339</i>	<i>100%</i>	<i>11</i>	<i>100%</i>

Hópuppsagnir sem komu til framkvæmda á árinu 2015

Alls komu 394 hópuppsagnir til framkvæmda á árinu 2015, um 124 úr tilkynningum sem bárust á árinu 2014 en um 270 úr tilkynningum sem bárust á árinu 2015. Á mynd 4 má sjá hve margar hópuppsagnir komu til framkvæmda í hverjum mánuði á árinu 2015.

Mynd 4

Hópuppsagnir sem komu til framkvæmda á árinu 2015 úr tilkynningum sem bárust í lok árs 2014 og á árinu 2015



Samtals hefur 9.496 manns verið sagt upp í hópuppsögnum á 8 árum. Flestir misstu vinnuna á þriggja mánaða tímabili frá desember 2008 til febrúar 2009 og svo næstu 3 mánuði þar á eftir.

Mynd 5 sýnir þróun fjölda tilkynntra hópuppsagna árin 2008 til 2015.

Mynd 5

Fjöldi tilkynntra hópuppsagna eftir árum 2008-2015

